



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 7. mars 2011 kl. 09.30

Á fundinn mættu: Ásbjörn, Margrét, Sigrún Kapítóla og Íva sem ritaði fundargerð. Sandra og Steingerður boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Davíð framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar.

Kynning á kynningarefni

- Ímyndarbæklingur og borðkort.
Davíð kynnti drög að borðkorti og ímyndarbæklingi. Stjórn lýsti ánægju með drögin.

Heimasíða www.south.is

- Stöðumat.
Davíð fór yfir stöðumat frá Jónasi varðandi www.south.is Mikil vinna hefur verið við endurbætur síðunnar. Stjórn samþykkir að Jónas vinni áfram að endurbótum að síðunni.
- Samningur við Blik ljósmyndaklúbb.
Davíð kynnti drög að samningi við ljósmyndaklúbbinn Blik. Umræða var um að aðilar að Markaðsstofunni njóti betri kjara við kaup á ljósmyndum af klúbbmeðlimun en þeir sem ekki eru aðilar að Markaðsstofunni. Davíð mun leita eftir samningum um það.
- Ljósmyndasamkeppni.
Davíð sagði frá hugmyndum um ljósmyndakeppni fyrir áhugaljósmyndara.

Tilboð

- N-4
Lögð fram drög að hugmynd að samstarfi N4 sjónvarpsstöðvar við Markaðsstofunnar. Stjórn samþykkir að keypt verði framleiðsla á 4 þáttum, fyrir 150 þúsund + vsk. til að byrja með og sjá hvað hægt er að gera fyrir þá upphæð.
- Ævintýralandið
Kynnt verkefni Stöðvar 2 um þáttaröð um Ísland. Farið fram á 200 þúsund kr. framlag frá MSS. Stjórn hafnar þátttöku í erindinu.
- Icelandic Times
Stjórn hafnar þátttöku í verkefninu.
- Iceland express auglýsing
Stjórn hafnar þátttöku í verkefninu.

Sýningar

- Suðurland já takk
Ferðamálastjóri ætlar að ávarpa við opnun sýningarinnar og tala um mikilvægi innlendra markaðssetningar. Þátttakendur eru orðnir ríflega 40. Ási er að vinna að því að ná í auglýsingapeninga.
- Gautaborg
Sýning í Svíþjóð 24.-27. mars. Stjórn samþykkir að Davíð ákveði hvort hann fer eða ekki.

Aðalfundur

- Undirbúningur, staðsetning - dagsetning
Samþykkt að hafa aðalfundinn mánudaginn 11. apríl kl. 12.00 á Hótel Selfossi. Byrjað á að borða og funda síðan.

Önnur mál

Davíð fór yfir óinnheimtar kröfur í eigu MSS. Samþykkt að senda bréf og ítrekun til þeirra sem skulda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.08.